

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1553
komudagur 25.4.2005



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.

Efni : Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur verið beðin að gefa umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun.

Eftir því sem stjórnin kemst næst er gert ráð fyrir fjármunum til að ljúka tvöföldun Reykjanesbrautar að Reykjanesbæ og er það fagnaðarefni. Stjórnin áréttar þó í samræmi við fyrri ályktanir sambandsins að samhliða tvöföldun verði einnig lokið við frágang í kringum brautina og gengið frá umferðareyjum og aðreinum að og frá brautinni. Rétt þykir að benda á að mikilvægt er að tryggja umferð hjólréiðafólks á milli Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Hafnarfjarðar en ekki er gert ráð fyrir hjólandi umferð á hinni nýju, tvöföldu braut.

Stjórnin lýsir vonbrigðum með að ekki sé gert ráð fyrir lagningu Suðurstrandarvegs en Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur nokkru sinnum ályktað um mikilvægi hans.

Enn fremur telur stjórn SSS mikilvægt að tryggt sé fjármagn til þess að ljúka við gerð hringvegjar frá Stafnesi í Sandgerði, um Ósabotna og Hafnir, að Reykjanesvita og þaðan áfram til Grindavíkur. Vegur þessi verður mikilvæg tenging milli sveitarfélaga á Suðurnesjum og opnar fyrir hringakstur í gegnum þau. Þá er vegurinn mikilvægur vegna urðunar ösku frá nýrri sorpeyðingarstöð á Suðurnesjum í Helguvík en urðun fer fram á Stafnesi.

Sveitarfélögin munu væntanlega hvert um sig gera athugasemdir við tillöguna vegna þeirra mála sem snerta framkvæmdir innan þéttbýlis á hverjum stað.

Reykjanesbæ 24. apríl 2005

f h. Stjórnar SSS

*Böðvar Jónsson, formaður
Hörður Guðbrandsson*